

3.fundur Ungmennaráðs Hrunamannahrepps ársins 2016 haldinn

3.okt kl 19:30 á Café Mika.

Mætt til fundar: Rúnar Guðjónsson, Núi Mar Jónsson, Sigríður Helga Steingrímsdóttir, Jón Herman Vignisson, Ragnheiður Guðjónsdóttir og Hrafnhildur Sædís Benediktsdóttir. Else Nielsen forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Zero og Halldóra Hjörleifsdóttir oddviti mættu í lok fundar.

1. Rætt

- Geðræn aðstoð og forvörn –
 - Upp kom það mál að flestir á okkar aldri þekkja til jafnaldra sem eiga við geðræn vandamál að stríða. Mörg þeirra tilfella eiga upptök sín í grunnskólum og því spurðum við okkur hvað við öll vissum um sálfræði aðstoð. Kom fram að ráðið veit lítið sem ekkert um hvaða möguleika þau hafa til að leita sér aðstoðar ef við þyrftum þess. Geðræn vandmál eru að verða tíðari og koma meira upp á yfirborðið á síðastliðnum árum og sér í lagi meðal ungmenna en samt er enginn fræðsla fyrir það um hvað það geti gert. Umræða hófst um hvort hægt væri að hjálpa fólki betur eða fyrir með kannski aukinni fræðslu, þetta eru sjúkdómar, gera sálfræðing aðgengilegri. Koma upp einhverskonar trúnaðramanni í skólanum. Enginn í ráðinu vissi að hægt væri að tala við skólahjúkku um þessi vandamál, hún er einnig við á mismunandi tímum. Kom upp sú hugmynd að prestar væru kannski góður kostur en ráðið er ekki alveg sammála þeirri hugmynd þar sem traust ungmenna til kirkjunnar og þýðing hennar er ekki endilega jákvæð við þessari nálgun. Síðan fyrst og fremst þarf að vera hægt að leita til foreldra og huga að því að þeir einnig viti hvað er í boði og hvernig eigi að bregðast við.
- Lesblinda –
 - Til eru dæmi um það í ráðinu sjálfu að illa hefur verið tekið á lesblindu snemma í skólakerfinu. Hún var ekki greind fyrir en í lok 10. Bekkjar til þess að nemandi gæti fengið viðeigandi möguleika í framhaldsskóla. Aðilinn fékk að vísu að fara til Kolbrúnar með þetta mál en það kemur á móti er það nóg? Hvað með lengri tíma í prófum og aðra þætti sem gætu hjálpað nemendum með lesblindu og í leiðinni hækkað einkannir þeirra og aukið möguleika þeirra í framtíðinni. Ráðið vill sérstaklega vekja athygli á því að fá börn greind snemma í fyrstu bekkjunum ekki í lok námsins því þetta hefur mikil áhrif á neman þar sem hann veit ekki að það sé eitthvað að og heldur því einfaldlega að hann sé of heimskur, (þetta orð er tilvitnun).
- Strætó og samgöngur -
 - Kannski lítið sem sveitarstjórn getur gert í strætó en engu að síður er strætó að sinna sínum tilgangi í Hrunamannahreppi og á suðurlandi öll (niðurstaða ungmennaráðsstefnu). Markaðshópur strætó eru ungmenni og eldri borgarar. Hvorugir hópar geta nýtt sér strætó

þar sem hann er einungis á þeim tímum sem eru þeim óhagstæðir og í öðru lagi of dýr. Ungmenni geta ekki nýtt sér strætó til þess að fara æfingar á selfossi eða heim eftir þær. Síðasti strætó fer frá selfossi fer klukkan 6 og æfingar eru frekar á kvöldin. Einnig hagnast hann ekki eldri borgurum þar sem enginn leið er fyrir þá að fara í bæinn eða kaupstað og sinnt öllum þeirra málum og haldið svo heim aftur sama dag. Síðan að lokum er hann of dýr. Það er ódýrar fyrir nemendur Fsu að fara 5 á einkabílum en að nýta strætó þar sem ferðastyrkur nær ekki nærri því að borga strætókort en getur borgað bensýn í einkabíla, (ef markaðshópurinn getur ekki notað hann til hvers erum við með strætó?). Vegir í hrunamannahreppi eru flestir til prýði en svolítið áberandi er vanræksla langholtsvegs og annarra vega sem leiða af megin vegunum. Það er kannski skiljanlegt að ekki er hægt að malbika alla vegi hreppsins en ráðið er sammála um að það ætti að vera lágmark vel hefлаðir vegir til staðar sem við getum treyst.

- Stjórnarskipulag Ungmennaráðs
 - Kosið var um og samþykkt einróma um að leggja niður fyrra skipulag ungmennaráðs og taka upp sama skipulag og ungmennaráð Árborgar sem hefur sýnt fram á kosti í þeirra kerfi. Helsta áherslan er sú að það er enginn er formaður og allir eru jafnir og deila með sér verkum. (Þetta er til prufu)
- Fulltrúar frá öðrum félögum
 - Ákveðið hefur verið að það ætti að auka við meðlimi ráðsins og bjóða UMFH og unglíngadeildinni Vind um að hafa sinn fulltrúann í ráðinu vegna mikils áhrifa sem þau hafa á ungmenni hreppsins. Enn er verið að hugleiða hvort eigi að skipa varamenn sem geta mætt og ef forföll verða fyllt inn í fyrir aðra fulltrúa.
- Þóknun fyrir fundarsetu - Við hefðum ekkert á móti þóknun fyrir fundarsetu við myndum frekar vilja að peningarnir færu í að bæta hagsmunum ungmenna í Hreppnum.
- Aldur ungmenna ráðs.
 - Ákveðið var að halda í aldrum ungmennaráðs og ekki færa hann upp í 24 líkt og öðrum ráðum.
- Sveitaball fyrir eldri ungmenni -
 - Ráðið gat lítið talað um þessa hugmynd en hún hefur verið samþykkt af öllum meðlimum og úrvinda enn sem stendur er hjá Rúnari Guðjónssyni. Meginn ástæðan fyrir þessari hugmynd var að ráðinu fannst ekki rétt að félagslíf ungsfólks í Hrunamannahreppi deyja þegar þú verður 16 ára. Ekkert er fyrir 17, 18, 19 og 20 ára Hreppamenn. Teljum við að það sé ein af ástæðum þess að ungt fólk sér ekki fyrir sér að snúa aftur í Hrunamannahrepp eftir nám. Þess vegna er hugmynd um að reyna að virkja félagslíf fyrrnefndra ungmenna meira og efal jákvæð tengsl við heimaslóðir. Þannig þeim finnst þau ekki útskúfuð. Hugmynd um fyrst skref er að halda sveitaball á flúðum fyrir 18 ára og eldri í byrjun ársins 2017.

- Félagslíf fyrir eldri en 16=ekkert félagslíf -
 - Ráðið hefur áhyggjur á þessari þróun frá því í gamla daga og telur þetta vera mjög stór þáttur í því hví yngri ungmenni hafa meiri tengingu við hreppinn á meðan því eldri sem þau verða því minna hafa þau að gera á hátíðum og heima í sveitinni sjálfri nema að vinna og hanga heima. Benda skal á að líklega eru ungmenni á aldrinum 17-20 fleiri heldur en elstastig grunnskólans.
- Kynna fyrir örðum ungmönnum hvað ungmennaráð er –
 - Til að opna ungmenni fyrir hugmyndinni um ungmennaráð og gera þau jákvæð fyrir henni kom upp sú hugmynd að byrja á því að fræða fólk um hana. Einfaldara er að fara að þeim sem enn stunda félagsmiðstöðina og er búið að auglýsa fræðslu þar þann 27. Okt. 2016. Hins vegar þarf að skoða betur hvernig skal ná til eldri ungmenna og eru þar hugmyndir um að nýta facebook og samskiptamiðla.
- Fræðslur
 - Horfandi til baka er ráðið sammála um það hvað góð áhrif góð fræðsla getur haft, einnig er slæm fræðsla mjög slæm og því skal velja vel og kannski frekar eftir fólki en menntun. Góð fræðsla getur breytt viðhorfi og svarað ýmsum spurningum sem ungmönnum myndir ekki einu sinni detta í hug að spyrja þó svörin séu þeim mikilvæg. Áfram ætti að halda með kynfræðslu í grunnskólanum en einnig ætti að huga að annarskonar fræðslum líkt og eru til. T.d. um geðsjúkdóma og líðan, þar sem mikið af ungmönnum þjást af þessum sjúkdómum á kynþroskanum. Það eru ýmsir valmöguleikar sem ætti að skoða þar sem fyrirlestrar og fræðsla eru bestu forvarnir sem við höfum. T.d. nokkrir minntust á skemmtilega stelpu sem fer um og sýnir fólki hvernig að vera extra næs við fatlað fólk er í raun mismunun.

Vandamál ungmenna eldri en 18 ára í Hrunamannahreppi

- Nokkur atriði sem rætt var um sem tengjast því hví ungmenni munu ekki flytja aftur í Hrunamannahrepp. Líklega verður þetta rætt betur síðar en eitt er víst að með framtíðina í huga er þetta eitt helsta vandamál, ekki bara ungmenna heldur, Hrunamanna allra. (Ungmennaráð man samtals eftir 2 á svipuðum aldri og elstu meðlimir sem hafa flutt aftur í hrunamanna hrepp eftir skóla.)
- Vantar íbúðarhúsnæði/leiguhúsnæði –
 - Enginn leið er fyrir fólk sem á lítið á milli handanna til að leigja íbúð eða hús á viðráðanlegu verði ef það vill snúa aftur og búa í Hreppnum.
- Vantar húsnæði fyrir atvinnu og lítið af atvinnu fyrirtækjum. –

- Atvinnumöguleikar eru litlir í Hrunamannahreppnum. Það er enginn leið fyrir fólk sem vill koma aftur að starfa í lærdri iðn og stofna sitt eigið fyrirtæki þar sem ekkert húsnæði er til leigu eða sölu sem gæti verið þeim til boða. Gott dæmi er bakaríið sem nú starfar í hreppnum. Það var ekki möguleiki fyrir þau hjón að finna húsnæði undir bakaríið sitt í þessum hreppi né þeim nærliggjandi og hefðu þau þurft að gefast upp á framtaki sínu ef þau hefðu ekki getað byggt núverandi bakarí. Svona erfiðleikar hvetur fólk ekki til að flytja til baka.
- Nærri því allt ungmennaráðið og líklega flest ungmenni sveitarfélagsins sér ekki fram á það að geta búið og starfað í hrunamannahreppi í framtíðinni ef staðan verður eins og hún er.

Fundi slitið 21:23